

LÖG FLUGMÁLAFÉLAGS ÍSLANDS

Stofnað 25. ágúst, 1936

1. gr.
Heiti og heimili

Félagið heitir Flugmálafélag Íslands (FMÍ) og er samband félaga áhugafólks um flugmál. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík

2. gr.
Tilgangur

Tilgangur félagsins er:

- 2.1 Að sameina alla er áhuga hafa á flugmálum í eina styrka heild og stuðla að vexti og viðgangi flugs og flugþróttu á Íslandi.
- 2.2 Að efla almenna þekkingu á flugmálum og stuðla að þjálfun félagsmanna í hinum ýmsu fluggreinum.
- 2.3 Að stofna til keppni og flugkoma í hinum ýmsu greinum flugþróttu og annast þátttöku Íslands í erlendum mótum.
- 2.4 Að gæta hagsmuna félaga og koma fram fyrir þá gagnvart innlendum og erlendum aðilum.
- 2.5 Að vera aðili að Fédération Aéronautique Internationale (FAI) og fulltrúi þess á Íslandi, Svo og vera aðili að Flugmálasambandi Norðurlanda (Association of Nordic Aero Clubs – ANA).

3. gr.
Félagar

Félagar geta orðið:

- 3.1. Aðalfélagar: Félög áhugafólks um vélflug, sviffflug, svifdrekaflug, módelflug, fisflug, fallhlífastökk, heimasmiði, flugsögu og aðrar viðurkenndar greinar flugþróttu, er stjórn félagsins samþykkir og greitt hafa tilskilin árgjöld til félagsins. Félög er hljóta aðild að FMÍ skulu hafa fimm félagsmenn fæst, og lög þeirra samræmast tilgangi FMÍ.
- 3.2. Aukafélagar: Önnur félög og stofnanir er starfa að flugmálum, er stjórn félagsins samþykkir og greitt hafa tilskilið árgjald.
- 3.3. Heiðursfélagar: Þeir sem hlotið hafa gullmerki félagsins. Stjórn félagsins geri samhljóða tillögu um veitingu gullmerkis félagsins, og skal það afhent á næsta þingi FMÍ, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, og öll stjórnin samþykki.

4. gr.
Árgjald

Árgjald til félagsins er ákveðið á þingi þess, en atkvæðisrétt í félaginu og á fundum þess hafa aðeins þeir sem eru skuldlausir við félagið. Árgjald skal greiðast fyrir 1. apríl ár hvert. Árgjald skal miða fjölda félagsmanna í upphafi árs (greidd félagsgjöld síðasta árs).

5. gr.
Þing

Þing FMÍ skal halda fyrir lok mars ár hvert og hefur það æðsta vald í málefnum félagsins. Til þess skal boða með a.m.k. 2. vikna fyrirvara og er það þá lögmeitt. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum.

6. gr.
Þingfulltrúar

Fjöldi fulltrúa skuldlausra félaga er rétt eiga á setu á þingi FMÍ er þannig ákvarðaður:

6.1. Hvert félag hefur rétt til að senda fulltrúa eftir félagafjölda.

5 til 15	félagar 2 fulltrúar
16 til 30	félagar 3 fulltrúar
31 til 60	félagar 4 fulltrúar
61 til 100	félagar 5 fulltrúar
101 og fleiri	félagar 6 fulltrúar

6.2. Stjórnarmenn Flugmálafélagsins.

6.3. Stjórnarmenn deilda félagsins.

6.4. Heiðursfélagar.

6.5. Aukafélagar hafa rétt til setu eins fulltrúa á þing FMÍ.

Hver fulltrúi á þinginu fer aðeins með eitt atkvæði.

7. gr. Dagskrá Þings

Dagskrá þings skal vera:

- 7.1. Þingsetning forseta Flugmálafélagsins
- 7.2. Kosning Þingforseta og ritara
- 7.3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins frá síðasta þingi.
- 7.4. Skýrslur sérgreinadeilda um starfsemi þeirra frá síðasta þingi.
- 7.5. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.
- 7.6. Lagabreytingar.
- 7.7. Kosning forseta og sjö meðstjórnenda.
- 7.8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
- 7.9. Ákvörðun árgjalds.
- 7.10. Önnur mál

Gerðir þings skulu færðar í til þess gerða fundargerðarbók og undirritaðar af þingforseta og þingritara.

8. gr. Reikningsár

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja fyrir a.m.k. einni viku fyrir þing.

9. gr. Lagabreytingar

Lögum félagsins verður aðeins breytt á þingi þess. Í fundarboði skal þess getið sérstaklega ef tillaga til lagabreytinga verður tekin til meðferðar og skal efni hennar lýst. Nái tillaga til lagabreytinga samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa öðlast hún gildi.

10. gr. Félagsstjórn

Þingið kýs forseta og sjö aðra stjórnarmenn. Forseta skal kjósa sérstaklega en meðstjórnendur eru kosnir saman. Stjórnin skiptir með sér störfum í embætti ritara, gjaldkera og tvo varaforseta.

11. gr. Umboð stjórnar

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvörðun um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Hún skuldbindur félagið gagnvart aðiljum þess og er undirskrift forseta og tveggja annarra stjórnarmanna nægileg til þess. Allar meiriháttar skuldbindingar félagsins, svo sem kaup, sala eða veðsetning á fasteignum, skulu háðar samþykki meirihluta stjórnarmanna, og skal einn þeirra vera forseti eða varaforseti.

12. gr.

Stjórnarfundir

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvörðun um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Hún skuldbindur félagið gagnvart aðiljum þess og er undirskrift forseta og tveggja annarra stjórnarmanna nægileg til þess. Allar meiriháttar skuldbindingar félagsins, svo sem kaup, sala eða veðsetning á fasteignum, skulu háðar samþykki meirihluta stjórnarmanna, og skal einn þeirra vera forseti eða varaforseti.

13. gr. Aukaþing

Stjórn félagsins getur, þegar henni þykir ástæða til, boðað til aukaðings er hafi sama vald og reglulegt þing. Þá getur 1/3 atkvæðabærra fulltrúa krafist þess með bréfi til stjórnarinnar. Skal þar getið mála sem óskast tekin til meðferðar. Fundarboðun til aukaðings skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að krafan barst stjórninni.

Til aukaðings skal boða með sama hætti og þing FMÍ.

14. gr. Sérgreinadeildir

Til að annast málefni aðildarféлага má starfrækja deildir fyrir hverja sérgrein félagsins er starfi samkv. lögum sem samþykkt hafa verið af stjórn FMÍ. Stjórnir sérgreinadeilda eru kosnir á aðalfundi deildanna.

Sérgreinadeildir skulu vera stjórn FMÍ til ráðgjafar um málefni viðkomandi fluggreina.

15. gr. Framkvæmdastjórn

Stjórn félagsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins eftir nánari reglum er stjórnin setur þar um.

16. gr. Úrsögn og brottvikning

Úrsögn úr félaginu fær aðeins gildi um áramót. Hún skal vera skrifleg og berast félagsstjórn fyrir 1. september. Félög sem ekki hafa greitt árgjöld sín fyrir 1. september skulu strikuð af félagaskrá, nema sérstakar gildar ástæður séu fyrir hendi, enda hafi verið skriflega innt um greiðslu. Stjórn félagsins getur vikið féлага úr FMÍ, en ákvörðun þeirri er heimilt að áfrýja til næsta þings FMÍ.

17. gr. Félagsslit

Félaginu verður einungis slitið á þingi þess sem sérstaklega hefur verið boðað í því skyni, og verður a.m.k. 3/5 hluti atkvæðisbærra fulltrúa að vera mættur og 3/4 mættu fulltrúar samþykkir slitum félagsins.

Verði félagsslit ákveðin, skal á sama hátt ráðstafa fjármunum þess.

Grein þessari verður aðeins breytt á þann hátt sem ákveðnar eru í 1. mgr.

Samþykkt á þingi Flugmálafélags Íslands 28. febrúar 2009